

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10-2019

*Staður:* Hvanneyri

*Tími:* fimmtudaginn 28. nóvember 2019, kl. 14:00 – 16:20

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi og ritar), Bjarni Diðrik Sigurðsson, Jóhannes Kristjánsson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Guðrún Eik Skúladóttur, Hera Sól Hafsteinsdóttir, Halldór Þorgeirsson og Hrönn Jörundsóttir varamaður boðuðu forföll.

## Dagskrá

### 1. Starfshópur um starfsmenntanám Lbhí skipaður / Garðyrkjunámið á Reykjum

Ráðuneytið hefur skipað samráðshóp til að fara yfir málefni starfsmenntanáms skólans. Fyrsti fundur var haldinn þann 27. nóvember sl. Áætlað er að vinnunni ljúki í apríl 2020. Rektor hefur haldið starfsmannafundi á öllum starfsstöðvum að undanfögnu og byggt á niðurstöðum þeirra funda er sátt um að starfsmenntanámið á Reykjum verði áfram með óbreytta umsjón þar til niðurstöður starfshópsins liggja fyrir. Að öðru leyti munu skipulagsbreytingar taka gildi um áramót samkvæmt fyrri samþykktum. Rætt var um hvort ástæða væri til að setja búfræðinámið í biðstöðu á sama hátt. Það hefur ekki borist beiðni um það frá starfsmönnum, mikil samlegðaráhrif eru nú þegar við búvísindabraut sem þörf er á að efla enn frekar vegna mannbreytinga um áramót og því þykir ekki ástæða til þess.

### 2. Fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun 2020 lögð fram til samþykktar. Theodóra kom inn á fundinn og svaraði spurningum. Fjárhagsáætlun send út til samþykktar þar sem einungis fjórir háskólaráðsfulltrúar eru mættir með fyrirvara um breytingar sem munu koma fram eftir yfirferð ráðuneytisins.

### 3. Fjárhagsáætlun 2020-2022

Fjárhagsáætlun 2020-2022 ásamt greinargerð lögð fram til samþykktar. Ákveðið var að senda út til samþykktar þar sem einungis fjórir háskólaráðsfulltrúar eru mættir.

### 4. Reglubreytingar – uppfærð drög

Fundir voru haldnir með starfsmönnum í nóvember þar sem drög að reglubreytingum voru lögð fram til rýni. Bjarni lagði fram athugasemdir sem m.a. komu fram á deildarfundi í síðustu viku. Ný drög eru lögð fram til umræðu og til samþykktar á næsta fundi.

### 5. Beiðni um að umhverfisskipulag breyti um nafn í landslagsarkitektúr

Háskólaráð samþykkir beiðni um nafnabreytingu UMSK.

### 6. Lagt fram til kynningar

- Mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti Hvanneyri og skoðaði Mið-Fossa 25. nóvember.
- Fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis var haldinn í nóvember.
- Fundur með þingmönnum Norðvesturkjördæmis fyrirhugaður í janúar.
- Unnið er að ráðningu mannauðs- og gæðastjóra og upplýsinga- og skjalastjóra.
- Unnið er að samstarfssamningi við Wageningen háskólann í Hollandi.



- f) Matarhandverkshátíð á Hvanneyri var haldin laugardaginn 23. nóv. Þátttakan var með eindæmum góð, veðurguðir hliðhollir og umgjörðin öll til fyrirmyndar.
- g) Jafnlaunavottun er komin vel á veg og fyrri hluti úttektar hefur farið fram.

## 7. Önnur mál og næsti fundur

Umræða um stöðu Yndisgróðurs og umsókn til Framleiðnisjóðs.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 18. des. kl. 10:00 á Hvanneyri og jólahlaðborð hefst svo kl 13:00.

Fundi slitið kl. 16:20.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

